

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

55. fundur Stjórnar BS bs. haldin miðvikudaginn 17. mars 2021

kl. 17:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 29, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

1. Staðan í viðræðum við Ístak (uppgjör og verklok)

- Formaðurinn fór yfir málið og sagði frá fundi sem hann átti með framkvæmdastjóra Ístaks.

2. Heimild til lántöku hjá Lánasjóði Íslenskra sveitarfélaga.

„Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs. samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 110.000.000 mkr., til allt að 55 ára. Er lánið til að fjármagna byggingu nýrrar slökkvistöðvar í Reykjanesbæ. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr 3.gr laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr 150/2006.

Jafnframt er Jóni Guðlaugssyni, 091252-2609, slökkviliðsstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Brunavarna Suðurnesja bs., að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð Reykjanesbæjar, sveitarfélagsins Voga og Suðurnesjabæjar, sbr. heimild í 2. mgr. 69 gr. Sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 og setur sveitarfélögin til tryggingar tekjur sínar sbr. 2.mgr 69.gr. sömu laga“.

3. Staða fjármála.

- Drög að ársreikningi fyrir árið 2020 lagður fram.

4. Starfsmannamál.

- Trúnaðarmál

5. Bréf og erindi sem hafa borist.

- Bréf barst frá bæjarstjóra Grindavíkur þar sem ítrekuð er beiðni bæjarráðs um að sjá samning um sjúkraflutninga í Grindavík á milli Sjúkratryggingar Íslands og Brunavarna Suðurnesja. Staðfest er að nú þegar hafa allir samningar um sjúkraflutninga verið sendir á bæjarráð Grindavíkur.
- Kadeco óskar eftir tilnefningu í ráðgjafahóp um þróun nærsvæðis Keflavíkurflugvallar og nágrennis. Jón Guðlaugsson verður fulltrúi Brunavarna Suðurnesja í samráðshópnum.

6. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Námskeið:

- Fyrsta hluta atvinnuslökkviliðsnámskeiði er lokið og stóðst okkar fólk þær væntingar til þeirra sem voru gerðar.
- Námskeið í sjúkraflutningum stendur enn yfir.

Covid 19 :

- Dregið hefur úr sjúkraflutningum vegna covid 19.
- Bólusetningar á Suðurnesjum eru að aukast og erum við með sjúkrabíl á bólusetningarstað til öryggis ef bráðaofnæmi verður.

Læknisskoðanir :

- Eins og áður hefur komið fram hefur HSS sagt upp samningi við BS.bs um læknisskoðanir starfsmanna. Vegna þess höfum við leitað til Einars Arnar Jóhannessonar læknis en hann er einn forvígismönnum um stofnun einkarekinnar heilsugæslu á Suðurnesjum og núverandi starfsmaður á Reykjalandi. Hann hafði forgöngu um að Reykjalandur taki að sér heilsufarsskoðanir í ár.
- Stjórn BS.bs. harmar þessa niðurstöðu HSS og telur skammarlegt að HSS skuli ekki geta sinnt heilbrigðisskoðunum starfsmanna BS.bs.

Tölfræði útkalla:

- Þrátt fyrir að útköll vegna ferðmanna séu lítil sem engin, hefur sjúkraflutningum farið fjölgandi. Ég hef tekið saman útköll í upphafi árs frá 2017 til 2021 þar kemur fram að nokkrar sveiflur eru í útköllum en þegar tekið er t.t þess að engir ferðamenn eru að koma til landsins og útköll vegna þeirra fá er augljóst að þróunin er á þann veg að um verulega fjölgun útkalla er að ræða, eins og sést á súluriti.

7. Önnur mál. Engin önnur mál.